

Alþingi
Erindi nr. P 136/1434
komudagur 24.3.2009
Skálfholt, 23-3-2009

Iðnaðarnefnd Althingis

Umsögn Sólar á Suðurlandi til iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, 394. Mál (heiðariög).

Sól á Suðurlandi fagnar því að fá tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til laga um fjárfestingarsamning vegna álversins í Helguvík.

Samtökin telja að áætlanir um framkvæmdir í Helguvík snerti hagsmuni allra Sunnlendinga og geti komið sérstaklega niður á þeim og eyðileggi möguleika á verndun Þjórsár. Sól á Suðurlandi telur að með framkvæmdum í Helguvík yrði gengið of nærri orkulindum á suðvesturhorninu og að ekkert yrði eftir af orkukostum nema virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Helguvík skapar ekki aðeins störf, heldur spillir hún þeim líka

Sól á Suðurlandi bendir á að þótt mikið sé hamrað á því að störf skapist vegna álversins í Helguvík, bæði á byggingartímanum og í álverinu sjálfu, myndu störf líka tapast og telja samtökin nauðsynlegt að það sé tekið með í reikninginn þegar talað er um atvinnusköpun.

Suðurland er eitt blómlegasta landbúnaðarhérað Íslands. Þar hafa yfir fjörutíu bændur búið við fullkomna óvissu í átta ár vegna áforma Landsvirkjunar um að reisa þrjár virkjanir í byggð. Því hefur jafnan verið lofað af fulltrúum flokkanna sem nú sitja í ríkisstjórn að ekki yrði virkjað í andstöðu við heimamenn.

Þetta loforð hefur Landsvirkjun virt að vettugi að mati Sólar á Suðurlandi. Nú er staðan sú að þrátt fyrir afar slæman fjárhag Landsvirkjunar er undirbúningur fyrir virkjanir við Þjórsá í fullum gangi. Þar virðist sagan um Helguvík ætla að endurtaka sig.

Orkufyrirtækjum og álfyrirtækjum er ívilnað fyrir að fara fram úr heimildum

Undirbúningur að álveri í Helguvík, var ávallt á undan heimildum og reglum. Nú sitja menn uppi með vonlaust álver, sem aldrei hefði komið til álita að samþykkja, nema vegna óbilgirni þeirra sem ekki geta beðið eftir heimildum til framkvæmda. Verði ekki að gert stefnir í sömu átt við Þjórsá. Þar fær orkufyrirtæki óáreitt að búa í haginn vegna ósamþykktra áforma, þangað til það verður of seint að hætta við.

Vonandi vill þessi ríkisstjórn umverfis- og náttúru hindra að slíkt geti gerst aftur.

Sól á Suðurlandi bendir á að sveitarstjórnir svokallaðra Þjórsársveita og Ölfuss, rjúka nú upp og mótmæla Helguvík á forsendum hreppapólitíkur. Þeir hafa auðvitað rétt fyrir sér í því að orka sem fer til Suðurnesja verður ekki nýtt í Árnes- og Rangárvallasýslu.

En Sól á Suðurlandi mótmælir fjárfestingasamningi vegna álversins í Helguvík, útfrá allt öðrum forsendum. Samtökin telja að lýðræðislegur réttur almennings sé ekki virtur, þar sem gífurlegar skattaívilnanir vegna stóriðju komi harkalega niður á annarri atvinnustarfsemi.

Sunnlendingar í sveitunum beggja vegna Þjórsár, gætu áreiðanlega skapað mörg hagnýt, sjálfbær og græn störf í landbúnaði og tengdum greinum, nytu þeir sömu ívilnana. Þeir og aðrir landsmenn gætu líka rétt fyrr úr kútnum fjárhagslega, sleppi þeir við háar vaxtagreiðslur vegna erlendra lána orkufyrirtækja sem tekin eru í óþökk almennings.

Fólki hefur fækkað við Þjórsá

Margoft hefur komið fram að þegar fjöldi starfa er settur niður á einn stað eins og í álverum, veikjast staðir í grennd og þar fækkar jafnvel fólki. Óvissa með framtíð og landnýtingu við Þjórsá hefur ekki haft heppileg áhrif á íbúatölu í sveitunum við ána. Þannig má til dæmis taka sem dæmi að í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem liggur að tveimur fyrirhuguðum virkjunum í Þjórsá, hefur fólki fækkað síðustu árin og hvað mest frá síðustu sveitarstjórnarkosningum eftir að ákveðin stefna sveitarstjórnar lá fyrir um að ráðist skyldi í virkjanirnar hvað sem heimamönnum fyndist um þær.

Sól á Suðurlandi minnir á græna og sjálfbæra atvinnustefnu sem ríkisstjórnin talar fyrir og sér ekki að frátekin skattaafsláttur fyrir áliðnað samræmdist því.

Loks benda samtökin á að ESA þurfi að svara því hvort réttlætanlegt sé að heimila þær ívilnanir sem ríkisstjórnin hyggst undirgangast, þar sem þær teljast til byggðastyrkja. ESA samþykkti ívilnandi styrki til Grundartanga og Reyðarfjarðar á þeim forsendum að það væru byggðastyrkir. Svar ESA um hvort fjárfestingasamningur um álver í Helguvík geti flokkast sem réttlætanlegur byggðastyrkur liggur ekki fyrir.

Afhverju ætti álver í Helguvík að falla undir skilgreiningar um byggðastyrki?

Sól á Suðurlandi telur að það hljóti að vera vafasamt í meira lagi að telja álver rétt við alþjóðaflugvöll og höfuðborg lands eigi að falla undir skilgreiningar um byggðastyrki. Einkum og sér í lagi hljóti það að orka tvímælis þegar slíkt álver keppi við dreifðari byggðir, ekki aðeins um orkuna heldur um aðra atvinnustarfsemi. Því búskapur við Þjórsá er stefnulaus og óviss, svo lengi sem virkjanakrafan við Þjórsá hangir yfir höfðum manna. Það gerir hún nú og sú krafa mun einungis vaxa við að öll önnur orka verði bundin við álver í Helguvík.

Með þessu skjali fylgir samantekt um kostnað sem einn þolenda við Þjórsá reiknaði út um helgina:

Áætlaður kostnaður Íslendinga við orkuöflun vegna stækkunar Straumsvíkur:

HS og OR – virkjanir	30.000.000.000 kr
Landsvirkjun – virkjanir	25.000.000.000 kr

Dreifikerfi vegna álversframkvæmda:

Landsnet	17.500.000.000 kr
Samtals	204.993.000.000 kr

Miðað við gengi bandaríkjadals 105 kr.

204 milljarðar að láni á 3.5% vöxtum kosta 7.140.000.000 krónur á ári/19.560.000 kr á dag.

204 milljarðar að láni á 5.0% vöxtum kosta 10.200.000.000 krónur á ári/ 28.000.000 kr.á dag.

Spurningin er hverjar verða tekjurnar, um það fáum við ekkert að vita. Talað er um aukningu á landsframleiðslu, áhrif á atvinnu og einkaneyslu. Orkuverðið er það eina sem í raun gefur tekjur til afborgana lána. Orkuverðið er trúnaðarmál. Ekki hefur verið samið um nema 400 MW af þeim 625MW sem fullgerð verksmiðjan þarfnast.

Umsögn fjármálaráðuneytis segir að fjárhagsleg ívilnun til álversins nemi 90.000.000 krónum á ári. Í sömu umsögn er talið að tekjur ríkis og sveitarfélaga nemi 270.000.000 króna á ári. Tekjur hins opinbera $270.000.000 - 90.000.000 = 180.000.000$ króna á ári.

Sól á Suðurlandi tekur undir áhyggjur og útreikning þennan og telur að landsmenn allir og heimamenn við Þjórsá sérstaklega eigi heimtingu á því að fá að vita nákvæmlega hvaðan verksmiðjan hyggst fá orkuna sem enn hefur ekki verið samið um. Sólin telur líka fulla ástæðu til að afnema trúnað af orkuverði, nú þegar bankaleynd, viðskiptaleynd og launaleynd hafa komið þjóðinni í koll.

Sama gildir um trúnað um orkuverð. Nú þegar orkufyrirtækin berjast í bökkum, tapa milljörðum á milljarða ofan og eru á framfærslu skattgreiðenda.

Áhyggjur af Flóanum og láglandi Suðurlands.

Álver í Helguvík mun losa mörg hundruð þúsund tonn af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið á ári hverju. Ekki er hægt að hreinsa gróðurhúsalofttegundir úr útblæstrinum og mun þessi losun því verða staðreynd um ókomin ár. Þannig mun álverið hafa gífurleg áhrif á andrúmsloft jarðarinnar og vera ein af þeim stóru punktuppsprettum sem hafa áhrif á mengun lofthjúpsins.

Dr. James Hansen yfirmaður NASA Goddard Space Institute og einn fremsti loftslagsvísindamaður heims segir að vísindamenn heimsins hafi haft tilhneigingu til að gera alltof lítið úr loftslagsbreytingum til þessa vegna þess að þeir fái frekar fjármagn til rannsókna ef þeir séu hófsamir í yfirlýsingum sínum. Hansen telur að spár Loftslagsnefndar Sameinuðu Þjóðanna IPCC, séu alltof varfærnar, en nefndin gerir ráð fyrir því að sjávarstaða hækki um mest 59 cm á 21.öldinni vegna hlýnunar jarðar og bráðnunar m.a. Grænlandsjökuls.

Hansen bendir hins vegar á að á plío-pleistósen tímabilinu hafi jörðin einungis verið með um 2-3°C hærri meðalhita en nú er. Magn CO₂ í andrúmsloftinu hafi verið á bilinu 350 – 450 ppm en sjávarstaða hafi hins vegar verið 25 +/- 10 m hærri en hún er í dag. Hansen bendir á að fari magn CO₂ í andrúmslofti jarðar aftur upp í 450 ppm sem allt stefnir í, þá sé ekki hægt að útiloka þann möguleika að sjávarstaða hækki aftur um 25 +/- 10 m.

Sé þetta rétt hjá James Hansen og þegar haft er í huga að Flóahreppur liggur að meðaltali í um 10-15 m yfir núverandi sjávarmáli, er ljóst að geigvænleg losun álversins í Helguvík á gróðurhúsalofttegundum mun beinlínis stuðla að því að koma Flóahreppi undir sjávarmál fari magn CO₂ upp í 450 ppm sem er mjög líklegt að gerist um miðbik eða á seinni hluta þessarar aldar. Að sjálfsögðu munu öll starfandi álver á Íslandi leggja sitt af mörkum, en álverið í Helguvík mun verða með stærstu losendum hér á landi og jafnvel flokkast sem stór punktuppspretta á heimsvísu.

Sól á Suðurlandi telur því að hér sé verið að fórna miklum framtíðarhagsmunum fyrir skammtímagróða og mótmælir því fyrir hönd íbúa Flóahrepps að stuðlað sé að því að koma blómlegum landbúnaðarhéruðum Íslands beinlínis undir sjávarmál. Kaflann um hættur sem steðja að Flóanum vegna Helguvíkur og fylgiskjöl með honum má finna á vefritinu Smugan.is. Þar er líka að finna upplýsingar um fjárhagslega stöðu áliðnaðar almennt í heiminum og um Aluminium Century og Landsvirkjun sérstaklega.

Að lokum óskar Sól á Suðurlandi eftir fundi með iðnaðarnefnd Alþingis.

Virðingarfyllst,

f.h. Sólar á Suðurlandi

Atie Bakker

Guðfinnur Jakobsson